

Sjónlistir (Myndmennt)

3. bekkur

Markmið:

Að nemendur tjái og skapi verk sem tengjast þeim sjálfum og þeirra reynsluheim og einnig framkalli myndheim sagna. Nemendur kynnist ýmsum listformum og listamönnum.

4. bekkur

Markmið:

Að nemendur nýti sér eigin sköpun sem byggð er á meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, og geti notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. Þekki og geri grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt.

5. bekkur

Markmið:

Að nemandi geti lýst grunnþáttum myndlistar á einfaldan hátt og notað við sína eigin sköpun. Geti greint myndmál í nærumhverfi sínu og fjallað um eigin verk og annarra.

6. bekkur

Markmið:

Að nemandi skapi myndverk í ýmsum tilgangi og með margvíslegum aðferðum og tjái tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í verkum sínum. Unnið út frá kveikju vð eigin listsköpun.

7. bekkur

Markmið:

Að nemandi noti mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun. Nemandi beiti myndgreiningu og myndlýsingu munnlega og tjái skoðanir eða eðli tilfinningar í eigin sköpun. Fjalli um eigin verk og annarra í virku samtali við nemendur. Nemandi læri og noti ýmis hugtök sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. Geti greint fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar

8-10. bekkur Val

Markmið:

Að nemandi finni sér í samráði við kennarann þær aðferðir og þá tækni sem hentar þeim best til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri. Að nemandi vinni verk að eigin vali sem felur í sér hugmyndavinnu, skissugerð og verklega útfærslu. Beiti tilraunastarfssemi til þess að finna endanleg framsetningu. Nemandi sæki söfn og sýningar þar sem því verður við komið. Rýni í eigin verk og annarra á gagnrýninn hátt. Geti greint hvernig sjónrænt áreiti dagles lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.